

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Hörður Oddfríðarson, Viktoría Gísladóttir, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Guðrún Rósa Þorsteinsdóttir, Guðrún Pálsdóttir og Árni Stefánsson

Afboða, mæta ekki :

Fundur 24.05.2023 settur kl. 18.00

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

Málefni af sundþingi

- a. Nýir aðilar í stjórn eru boðnir velkomnir á sinn fyrsta stjórnarfund en það eru þær Guðrún Rósa Þorsteinsdóttir og Guðrún Pálsdóttir. Jafnframt eru Elsu Maríu Guðmundsdóttur og Oddi Örnólfssyni þökkuð góð störf í þágu sundhreyfingarinnar.
- b. Skipað var í störf innan stjórnar. Júlía Þorvaldsdóttir verður áfram varaformaður stjórnar, Hörður Oddfríðarson verður ritari og Viktoría Gísladóttir verður gjaldkeri.
- c. Farið var yfir tillögur fjárlaganefndar frá sundþingi vegna þjónustu- og stungugjalda og tillagan samþykkt. Nefndinni sem hittist tvisvar sinnum að sundþingi loknu er þökkuð góð störf. Tilkynning um þetta nýja fyrirkomulag verður sent á hreyfinguna.
- d. Dómaranefnd verður mönnuð sama fólki og á síðasta tímabili. Dómaranefnd skipa:
 - Viktoría Gísladóttir formaður
 - Ragnheiður B. Björnsdóttir
 - Björn Valdimarsson
 - Bryndís Sigurðardóttir
 - Ingibjörg Ýr Pálmadóttir
 - Sigurður Óli Guðmundsson
 - Sigurþór Sævarsson
 - Lárus Lúðvík Hilmarsson

Sent verður erindisbréf á nefndina

- e. Erindi hefur verið sent á þá aðila sem skipuðu aga- og síðanefnd á síðasta tímabili og þeir beðnir um að halda störfum sínum áfram. Beðið er eftir svörum frá nefndarfólki.
- f. Farið var yfir samning við formanns og hann endurnýjaður á sömu nótum og áður. Formaður vék af fundi undir þessum lið.
- g. Formaður og framkvæmdastjóri munu breyta reglugerðum um félagaskipti eins og þau voru samþykkt á sundþingi. Stærsta breytingin er að iðkandi má synda fyrir sitt gamla félag í 30 daga félagaskiptaglugganum. Hörður og Viktoría fá það hlutverk að renna að öðru leiti yfir reglugerðin og gera á henni nauðsynlegar orðabreytingar eins og samþykkt var á sundþingi.
- h. Farið var yfir tillögur frá dómaranefnd að breytingum á 8. grein í reglugerðum er varða dómgæslu og viðhaldi réttinda. Tillaga dómaranefndr var samþykkt.
- i. Farið var yfir þingskjal 11 sem samþykkt var á sunþingi. Þingskjalið fjallar um nafn SSÍ móta. Guðrún Páls og Bjarney fá það hlutverk að fara yfir tillöguna ásamt mótastjóra og koma með hugmyndir að útfærslu á næsta stjórnarfund.

- j. Formaður og framkvæmdastjóri fá það hlutverk að uppfæra lög- og reglugerðir í samræmi við samþykktir sundþings og birta á heimasíðu. Formaður fær einnig það hlutverk að klára þinggerð vegna þingsins og koma á heimasíðu.
- k. IMOC var haldið í Kópavogslaug daganna 5. og 6.maí. Um 100 keppendur tóku þátt og mörg met féllu. Gleðin var við völd þrátt fyrir við höfum lent í miklum vandræðum með tæknibúnað í lauginni. Forsvarsmönnum Kópavogslaugar hefur verið tikynng að SSÍ treysti sér ekki til að halda mót aftur í lauginni nema að þessu verði kippt í lag.
- l. Formaður, framkvæmdastjóri og ritari sóttu íþróttaping ÍSÍ sem haldið var daganna 5. og 6. maí. Á þinginu voru hefðbundin mál til umfjöllunar og kosning nýrrar framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Það er gama að fylgjast með þegar að fólk innan okkar raða fékk viðurkenningar fyrir vel unnin störf innan íþróttahreyfingarinnar en Hlín Ástþórsdóttir hlaut heiðurskross ÍSÍ fyrir störf innan sundhreyfingarinnar og Guðmundur Þ. Harðarson var gerður að heiðursfélaga innan ÍSÍ.
- m. Næstu mót hér innanlands eru SMÍ sem haldið verður í Ásvallalaug 10.-11. júní og AMÍ verður haldi á Akureyri 23. – 25. júní.
- n. Mál sem eru í gangi og ný stjórn þarf að fylgja eftir eru m.a:
 - a. Nýja mótakerfið sem kynnt var á sundþingi
 - b. Ný heimasíða
 - c. Lykilverkefni um mannvirki sem kynnt var á sundþingi
 - d. Waterpolo
 - e. RIG samstarfið

3. Afreksmál

það hefur verið gríðalega mikið að gera í afreksmálum undanfarið og hér er það helsta:

Síðustu verkefni:

- 29-30. apríl: Æfingahelgi Framtíðarhóps í Reykjanesbær
- 11.- 15. Maí Taastrup Danmörku 25 manna hópur úr framtíðarhópur og unglíngalandsliði náðu góðu árangri á mótinu.
- Mare Nostrum - Barcelona 7 manna keppnishópur tók þátt í sterku móti í Barcelona. Náðum í B úrslit í tveimur greinum.
- 20. – 21. maí Mare Nostrum – Monaco Snærfrður Sól og Anton Sveinn tóku þátt í sterku móti í Monaco sem er liður í æfingprógrammi fyrir HM50 í Japan seinna í sumar. Þau náðu bæði inn í úrslit í sínum greinum.

Verkefndi framundan:

- 28. maí – 3. júní Smáþjóðaleikar (GSSE) Malta
- 8. - 9. júlí Norðurlandamót Æskunnar (NÆM) Jönköping- Svíþjóð
- 4. - 9. júlí Evrópumeistaramót Unglinga (EMU) Belgrad
- 10. - 22. júlí HM50 æfingabúðir Óstaðsett (JAP)
- 23. - 29. júlí Ólympíudagar Evrópuæskunnar (EYOF) Maribor (SLO)
- 23. - 30. júlí Heimsmeistaramótið í 50m laug (HM50) Fukuoka (JAP)

4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Kolbrún Hilda Gunnarsdóttir	KR	Ægir	09.05.2023	08.06.2023
Hekla Kristín Mist Arnarsdóttir	KR	Ægir	09.05.2023	08.06.2023

6. Staðfesting meta

50 metra laug

Íslandsmet Konur

Grein: Nafn: Félag: Tími: Dags: Staður

50 metra laug

Íslandsmet Karlar

Grein: Nafn: Félag: Tími: Dags: Staður

Unglingamet strákar

Grein: Nafn: Félag: Tími: Dags: Staður

Unglingamet stúlkur

Grein: Nafn: Félag: Tími: Dags: Staður:

Aldursflokkamet strákar

Grein: Nafn: Félag: Tími: Dags: Staður:

7. Aðsend bréf

Dags

Efni

Sendandi

8. Önnur mál:

Formaður dómarnefndar óskar eftir að fá lista yfir mót sem sótt er um á atburðadagatali.

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 20.00